



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur á gatnamótum Knarrarvogs og Súðarvogs

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. nóvember 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að ráðist verði í úrbætur á gatnamótum Knarrarvogs og Súðarvogs í þágu öryggis gangandi og hjólandi vegfarenda. Mikil umferð er um gatnamótin af ökutækjum, sem eru á leið til eða frá bílastæðum fjölsótttra atvinnufyrirtækja við Knarrarvog. Setja þarf upp skýrar varúðarmerkingar þar sem Knarrarvogur þverar fjölfarinn hjólastíg Kelduleiðar, t.d. með merki um hjóla- og göngustíg og/eða með því að lita hjólareinina á þessum stað. Þá er lagt til að stöðvunarskylda verði tekin upp á gatnamótunum gagnvart umferð frá Knarrarvogi í stað biðskyldu.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 13. desember 2023.

Umsögn:

Á þessum gatnamótum hefur verið gerð upphækkun þegar farið er yfir göngu og hjólastígana. Þegar komið er að gatnamótunum frá Knarrarvogi er biðskylda á ökutæki og málaður kantur á stígnum. Þeir sem koma akandi Súðarvoginn í austur þurfa að fara yfir hraðahindrun skömmu áður en komið er að gatnamótunum. Þeim megin er einnig málning í kanti stígsins þar sem ekið er yfir hann. Góðar sjónlengdir eru í allar áttar á gatnamótunum.

Samkvæmt slysakorti samgöngustofu hafa verið tvö óhöpp skráð á þessum gatnamótum sl. 10 ár þar af er eitt skráð sem óhapp án meiðsla og hitt skráð sem slys með litlum meiðslum. Ekki er talin þörf á að forgangsraða framkvæmdum til að bæta umferðaröryggi á þessum stað umfram aðra staði í borginni. Á komandi árum verður farið í gagngerar breytingar á svæðinu í tengslum við framkvæmdir vegna Borgarlínu.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri